

REGLUR UM FARBANN VEGNA SALMONELLASÝKINGA

I. ALMENN REGLA UM SETNINGU FARBANNS:

1. Nú greinist Salmonella í sýni úr dýri frá ákveðnum bæ. Að fengnum tillögum yfirdýralæknis metur landbúnaðarráðuneytið þörf á að setja farbann á býlið. Taki ráðuneytið ákvörðun um að setja farbann á býlið þá skal það taka strax gildi og ráðuneytið tilkynnir ákvörðunina til búfjáreiganda með afriti til yfirdýralæknis og héraðsdýralæknis. Búfjáreigandi fær frest til að andmæla ákvörðuninni. Að loknum andmælarétti tekur ráðuneytið ákvörðun um áframhald farbannsins. Héraðsdýralæknir hefur eins fljótt og unnt er samband við búfjáreiganda og gerir honum grein fyrir farbanninu og hvernig skuli staðið að smitvörnum innan búsins og um leiðir til að hindra eins og kostur er að smit berist út fyrir búið og afhendir honum bréf um eðli farbannsins.
2. Héraðsdýralæknir tilkynnir starfandi dýralæknum á svæðinu og eftir atvikum, mjólkurbúi, sláturhúsi og sæðingamönnum um farbannið og veitir upplýsingar þar að lútandi. Í farbanni felst m.a. bann við öllum flutningi dýra að og frá býlinu þ.m.t. til slátrunar. Mjólkurbú viðhefur varúðarráðstafanir við móttöku mjólkur og smitgát er viðhöfð við fóðurflutninga og heimsóknir sæðingamanna, dýralækna og ráðunauta. Hauglosun er ekki leyfð nema í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit. Öll umferð manna og tækja skal takmörkuð eins og kostur er. Búfjáreigandi skal sjá til þess að öll dýr á bænum séu einstaklingsmerkt eða auðkennd á annan viðurkenndan hátt og að þau séu í öruggri vörslu.

II. ALMENN REGLA UM AFNÁM FARBANNS:

1. Dýraeigandanum er ráðlagt að ráða sér dýralækni til ráðgjafar og sýnatöku. Sýni má senda til rannsóknastofu sem reynslu hefur af rannsóknum á Salmonella.
2. Þegar dýraeigandi og/eða dýralæknir telur að undangengnum rannsóknum sbr. lið 1., að Salmonellasýkingar séu eigi lengur til staðar í hjörðinni eða einstökum hópum hennar sem aflétta á farbanninu af, þá tilkynnir hann það skriflega til viðkomandi héraðsdýralæknis.
3. Héraðsdýralæknir tekur sýni af marktækum fjölda dýra í hjörðinni, sbr. viðauka I. Öll sýni skulu send til opinberrar rannsóknastofu eða rannsóknastofu sem er faggild til rannsókna á Salmonella. Þessum sýnum má blanda saman í safnsýni með mest 15 einstaklingum, en ávallt þannig að rekja megi til baka til einstaks dýrs, ef safnsýni er jákvætt.

4. Sé fyrsta sýnataka héraðsdýralæknis neikvæð þá skal hann endurtaka sýnatökuna með sama hætti sbr lið 3. Miða skal við að 14 dagar líði á milli sýnatöku skv. lið 3 og 4, þó aldrei skemur en 10 dagar.
5. Sé önnur sýnataka einnig neikvæð þá skal héraðsdýralæknir hafa samráð við yfirdýralækni, um að leggja til við landbúnaðarráðuneytið að það aflétti farbanninu.
6. Komi hins vegar í ljós við fyrstu sýnatöku héraðsdýralæknis að eitt eða fleiri sýni úr hjörðinni sé jákvætt vegna Salmonella, þá verður dýraeigandi að hefja aðgerðir samkvæmt lið 1 og 2 og greiðir þá dýraeigandi allan kostnað af fyrstu sýnatöku og rannsóknum héraðsdýralæknis.
7. Sé aðeins um eitt dýr að ræða, við fyrstu sýnatöku héraðsdýralæknis, sem reynist jákvætt þá getur dýraeigandi eftir samráð við dýralækni búsins og héraðsdýralækni ákveðið að farga viðkomandi dýri. Þá getur héraðsdýralæknir framkvæmt aðra sýnatöku samkv. 4. lið. Sé hún nú neikvæð þá má fara með málið sbr. 5. lið.
8. Dýraeigandi greiðir allan kostnað vegna liða 1., 2. og 6.
9. Héraðsdýralæknir tilkynnir öllum aðilum í umdæminu sem málið varðar um afnám frá farbanni, a.m.k. starfandi dýralæknum, mjólkurbúi, sláturhúsum og sæðingamönnum.

III. UM UN DANÞÁGUR FRÁ FARBANNI.

1. Héraðsdýralæknir í samráði við yfirdýralækni, getur lagt til að landbúnaðarráðuneytið veiti undanþágu frá farbanni fyrir einstaka dýrahópa innan sama bús, enda ábyrgist dýralæknir búsins skriflega einangrun og smitleysi hópsins. Þá þarf ferill samkvæmt II. 1., 2., 3., 4. og 5. hafa gengið upp fyrir þennan ákveðna hóp. Undanþágan skal gefin skriflega.
2. Dýraeigandi greiði allan kostnað sem hlýst af því að fá einstaka dýrahópa losaða undan farbanni, annan en opinberar sýnatökur og rannsóknir á þeim sýnum.
3. Héraðsdýralæknir tilkynnir starfandi dýralæknum umdæmisins og öðrum sem málið kann að varða um undanþágu einstakra dýrahópa frá farbanninu.

IV. ALMENNT.

1. Sömu ákvæði og að ofan greinir gilda jafnt fyrir lögbýli, smábýli, beitarhólf og aðra staði þar sem dýrahald er stundað, svo sem hesthús og hundahótel.